



Blessað ljósið kæra trú



Hugmyndirnar að baki dýrilingum kirkju heilags Péturs fylgdu árpúsunda þekkingu mannkyns á þeim vættum sem báru hvolfþak veraldar.

Heimsmýnd Rangárvalla í Péturskirkjunni í Róm

Í þúsund ár hafði mannkyn beðið eftir frelsara sem var góður, miskunnssamur og ígildi sólar innar sjálfrar. Þegar hann fæddist var sólin þegar orðin 5 milljarða ára gömul og þvermál hennar orðið 1.392.000 km.

Sólin snýst einn hring um sjálfa sig á 25 dögum. Um hana snúast pláneturnar, þ.m.t. Jörðin sem snýst einn hring um Sól á 365 dögum og einn hring um sjálfa sig á 24 klukkustundum. Vegalengdin frá Sól til Jarðar er að meðaltali 149.600.000 km sem eru 108 þvermál Sólar. Sporbaugur Jarðar um Sól er því 216 breiddir sólar að þvermáli að meðaltali. Það er einkennilegt við þessi hlutföll, þau eru þau sömu og finnast í mældum vegalengdum mörg þúsund ára kerfa sem tengjast trúarbrögðum mannfólks á jörðinni.

Þegar Kristur kom til skjalanna, sameinuðust allar vættir í kufli hans, mannkyn hafði þokast að þessari niðurstöðu. Eftir ástríðufulla leit í þúsundir ára var því fæddur frelsari. Viðmið og hlutföll sem áður bjuggu í hugtökum náttúrunnar fóru hægt og bitandi að lúta valdi mannsins, heimsmýndin sem áður var stíkuð á viðáttuna var færð inn í hús.

Innan dyra í Péturskirkjunni er reyndar ekki óslendi í venjulegri merkingu orðsins, þar er hins vegar hið eina sanna kjörlendi kristinna manna. Til eru gamlar teikningar sem sýna kirkjuna byggða um töluna 216. Af sólarmerkjum að dæma ætti því heimsmýnd sólúrsins vera í húsini. Varðveist hefur málsett teikning af kirkjunni á gulnuðum blöðum sem sýnir að lengd kirkjuskips að altari páfa er $216 \times 2 = 432$ fet. Þvermál hrings um altari páfa er 216 fet.

Ítalir endurfæðingar tímans þekktu vel fræðin sem útskýrðu veröldina samkvæmt tölvísi og réttum formum. Þeir trúðu því að guð væri dýrkaður í öllum hofum með staðfestu tenings.

Páfinn ber lykla himnaríkis, hann er eftirmaður Péturs, kletturinn er kirkja Krists. Pétur er hornsteinn kapólskrar kirkju.

TÖLUR, TÍÐNI OG FORM

Jónas skrifaði um eðli og uppruna jarðarinnar forðum. Líðlega 100 árum síðar uppgötvaði Einar Pálsson heimsmýnd landnámsmanna á Rangárvöllum í launsögn Njálu. Árin á milli Jónasar og Einars varð til afstæðiskeningin í hugarheimi Einsteins sem taldi að í tómi geymsins bergmáli mikli hvellur í sveiflutíðinni 216 sem er tónninn A í tónfræðinni. Þar úti ferðast ljósið á hraðanum $432 \times 432^*$ mílum á sek. Í ævafornum lögmálum gerjaðist þekkingin. Er því ekki að undra að Jónas hafi sótt í óbrjáláð höfuðefni kenninga Platós og Pythagorasar þegar hann skrifaði um stærð veraldar og uppruna lífsins á öndverðri átjándu öld. Í huga trúarlegs höfuðskálds Íslendinga var allt efni á þessari plánetu tilkomið vegna lindar ljóssins. Uppspretta þess varð fyrir milljörðum ára í supernova sprengingu í geimnum, ekki einni heldur margra með hléum á milli. Í hverju milljarða ára hléi voru atómin dengd í ofni sólar og síðan þeytt af stað aftur í hverri sprengingunni á fætur annari. Það tekur nefnilega tíma sinn að búa til almennileg atóm.

Hlutföll heimsmýndar voru í samræmi við stærð jarðar og stærð mannsins. Sóltákn sólúrsins voru miðuð við landfræðilega stöðu hans á jörðinni og stjarnfræðilega stöðu jarðarinnar í sólkerfinu. Á þessum hlutföllum byggði mannskepnan heimsmýnd sína, samkvæmt mælingu á tíma og rúmi. Urðu slíkar hugsanir Ágústínusi kirkjuföður umhugsunarefni á 4. öld er hann sagði að tölur væru hugsanir guðs. "Hinn guðlegi vísdómur endurspeglar í tölum sem þrykkt er á sérhvern hlut. Uppbygging hinnar jarðnesku og hinnar siðrænu veraldar er grundvöllur á eilífum tölum."

Landnám í nýju landi og landnám borgríkis guðs í heimi manna var sams konar atburður í hugarheimi Berninis, Michealangelos og þeirra félagas; sköpun í samræmi við töluna 6, stórbaug himins,

teninginn 216 og þvermál hrings sem mældur var 216.000 fet. Allt kerfið var bundið sólaruppkomu og sólsetri, stjarnhimni og sjóndeildarhring. Hugmyndafræðin byggðist á mörkun átta og nákvæmri landmælingu. Grundvöllur laga og réttar varð ekki skilinn frá réttum formum og tölum. Stjórnsýsla var talin guðleg að uppruna.

GUÐ BÝR Í AÐDRÁTTARAFLI OG RÉTTUM HLUTFÖLLUM

Upphafshvöll Péturskirkjunnar er kapella heilagrar Veroniku í suðvestur geira hringlaga flatarins undir kúplinum. Gagnstætt henni í norðaustri er kapella Longinusar, á milli þeirra eru 216 fet. Í háaustur frá kapellu Veroniku er kapella heilags Andrésar, gegnt henni, 216 fet í norðvestur er kapella heilagrar Helenu. Marklínur skárust í miðju, þar er altari páfa sem er staðsett yfir gröf Péturs postula, erindreka Guðs, sá staður heitir Steinkross á Íslandi. Heimsmýnd Rangárvalla sem fannst í launmáli Njálu blasir við í Péturskirkjunni í Róm í hlutföllum 1:1000

KAPELLA HEILAGRAR VERONIKU, BERÐÓRS-HVOLL

Kapella Veroniku var sami staður og Bergþórshvöll. Sá staður táknaði stystan dag, þar var táknað jóla, þar fæddist ný sól. Nafn Veroniku í Biblíusögunum er latneska gríska orðsins Berenice, sem rekja má frá orðinu Pherein (sú sem kemur með) og níké (sigur). Andlitsmynd af Kristi hinu nýja ljósi, var á slæðu hennar sem hún sýndi öllum í vissu þess að Kristur muni endurfæðast. Veronika var skynsamur fræðari eins og Njáll á Bergþórshvoli.

KAPELLA HEILAGS LONGINUSAR, STÖNG

Tákn Longinusar er stöng hans, spjótið sem hann notaði til að drepa Krist. Í kapellu Longinusar bjó einmitt hugmynd Stangar. Stöng hét

bær Gauks Trandilssonar á Íslandi, þar er sólrís á lengsta degi á sólúri heimsmýndarinnar.

Þegar sól er hæst á lofti beinir Longinus stöng sinni upp, norðaustur, inn í ofn sólar að ljósi Krists og drepur hann á hátindi þroska hans. Í Guðspjöllunum var Longinus varðmaðurinn langi og blindi sem stóð vaktina undir krossi Krists á Hauskúpuhæð. Stöngin sem kíkt er er sjónlínin sem hittir sól í síðuna og verður til þess að hún hnygur og árhringur mun snúast enn um sinn. Gólf kirkjunnar er óslendi Rangárvalla, sléttan verður goðmagn nýrrar veraldar.

KAPELLA HEILAGS ÁNDRÉSAR, GODASTEINN

Heilagur Andrés, ígildi karlmennsku, býr í kapellunni í háaustur frá kapellu Veroniku, þar er Goðasteinn heimsmýndarinnar, hin kalda verund vetrar. Samkvæmt sólarupprás á sólúrinu mun sólrís þar segja til um birjun vetrar á völlum.

Krossinn í flæðarmálinu sem Andrés var festur á hallar 45° . Í því miði 216 fet í norð-vestur er kapella heilagrar Helenu móður Konstantínópelis.

KAPELLA HEILAGRAR HELENU, SKÁLHOLT

Helena var fræg fyrir að reisa krossa hvar sem hún fór. Hún reisti guði og eingetnum syni hans "rétt" kross tákna á þeim stað á sólúri heimsmýndarinnar sem sólsetur á vori bar í sér vissu þess að sól muni aftur rísa í sumri. Því var þar ávallt reistur réttur kross Krists. Þar var reist fyrsta kirkja í hverju landi sem tók hina kristnu trú, á Íslandi hét hún Patrimonium Petri, en heitir nú Skálholt.

Línur á milli kapellanna skárust yfir grafhýsi Péturs, fulltrúa Krists á jörð. Í miðju heimsmýndarinnar var táknað jarðar sem var teningur. Þar er Steinkross á Íslandi, altari Páfa í Róm, þaðan eru 108(000) fet til endimarka heimsmýndarinnar í allar áttir.

Pétur Halldórsson
www.peturhalldorsson.com